

39
6. maí

L Ö G

um að ágreiningur milli Eimskipafélags Íslands h/f og Skipaútgerðar ríkisins o. fl. annarsvegar og Stýrimannafélags Íslands hinsvegar skuli lagður í gerð.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

G j ö r u m k u n n u g t : Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í gerð skal lagður ágreiningur sá um ráðningarkjör, sem nú er uppi milli Eimskipafélags Íslands h/f, Skipaútgerðar ríkisins, Eimskipafélags Reykjavíkur h/f og Eimskipafélagsins Ísafoldar h/f annarsvegar og hinsvegar Stýrimannafélags Íslands. Skal úrskurður gerðardóms þessa vera fullnaðarúrskurður og hvorugur deiluaðili láta hinn gjalda þátttöku sinnar í deilunni.

2. gr.

Gerðardóminn skipa formaður og fjórir meðdómendur. Skulu þeir nefndir til starfans sem hér segir: Hæstiréttur skipar formann dómsins. Ennfremur tilnefni hæstiréttur fjóra menn, en af þeim ryðja deiluaðiljar hvor sínum manni. Hina tvo skipar hæstiréttur síðan til að taka sæti í dómnum. Loks tilnefna deiluaðiljar hvor sinn mann í dómnum.

Nú ryðja deiluaðiljar, annarhvor eða báðir, ekki dómnum innan þess tíma, sem dómsformaður tiltekur, og ryður þá dómsmálaráðherra dómnum í þess stað.

Nefni deiluaðiljar, annarhvor eða báðir, ekki mann í dómnum af sinni hálfu innan þess tíma, sem dómsformaður tiltekur, skal hæstiréttur nefna í dómnum í þess stað, og skal hann, eftir því sem við verður komið, tilnefndur þannig, að líklegt megi telja, að hann líti á deiluna frá sama sjónarmiði og dómari tilnefndur af aðiljanum myndi hafa gert.

Nú verður laust sæti í dómnum, og skal þá um tilnefningu manns í það sæti fara svo sem um val þess manns, sem forfallazt hefir.

3. gr.

Hver lögráður íslenzkur ríkisborgari er skyldur að taka sæti í dómnum samkvæmt löglegri kvaðningu. Dómendur eru í starfi sínu opinberir sýslunarmenn og njóta réttinda og bera skyldur samkvæmt því.

4. gr.

Dómsformaður kveður dómnum saman og annast um, að störfum dómsins sé hraðað svo sem verða má. Skyldir eru aðiljar að láta dómnum í té skýrslur og upplýsingar, sem dómurinn kann að æskja og aðiljar geta í té látið, og getur dómurinn kveðið upp úrskurð, þótt annarhvor eða báðir aðiljar mæti ekki. Ráðningarkjör þau, sem dómurinn úrskurðar, að gilda skuli milli aðilja, skulu vera bindandi fyrir þá báða á sama hátt og hefðu þau verið ákveðin með samningi þeirra á milli. Kjör þessi skulu gilda til 1. apríl 1939.

5. gr.

Síðustu samningar, sem í gildi hafa verið milli deiluaðilja, skulu gilda framvegis til bráðabirgða, þangað til úrskurður gerðardómsins fellur, enda skal gerðardómur-

inn kveða upp úrskurð sinn innan 7 daga frá því að dómendur hafa verið tilnefndir og dómurinn þannig fullskipaður. Dómurinn skal ákveða, að ráðningarkjör þau, sem hann úrskurðar, skuli gilda frá því að stýrimenn hefja vinnu á skipunum á ný. Dómurinn skal afla sér upplýsinga hjá sáttasemjara ríkisins í vinnudeilum um kröfur og tilboð deiluaðilja. Hvorugum aðilja má dómurinn dæma frekari rétt en hann hefir gert kröfur til fyrir sáttasemjara, þó þannig, að stýrimenn sæti ekki lakari kjörum en segir í samningi þeim, er síðast gilti. 39
6. maí

6. gr.

Úrskurður gerðardómsins vikur fyrir löglega gerðum samningi milli deiluaðilja á hvaða tíma sem er.

7. gr.

Allur gerðardómskostnaður greiðist úr rikissjóði.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 6. maí 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

KONUNGSBRÉF

um þingsuppsögn.

40

11. maí

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Að Vér viljum hér með veita yður sem Vorum forsætisráðherra umboð til þess í Voru nafni að segja Alþingi slitið þegar það hefir lokið störfum sínum nú bráðlega.

Gjört á Amaliuborg, 11. maí 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.